

## Ályktun 47. þings BSRB um málefni innflytjenda

Síðastliðinn áratug hefur innflytjendum á Íslandi fjölgað mikið og um 18% íbúa eru nú með erlendan bakgrunn. Atvinnuþátttaka meðal innflytjenda með mjög há í alþjóðlegum samanburði og hærrí en þeirra sem fædd eru hér á landi. Langflest af þeim sem hingað flytja gera það til að vinna og um helmingur þeirra sest hér að. Innflytjendur eru því í lykilhlutverki þegar kemur að verðmætasköpun og þar með að stuðla að auknum lífsgæðum hér á landi. Nýlegar rannsóknir frá OECD og Vörðu sýna fram á að staða innflytjenda á Íslandi er ekki góð. Mörg þeirra eru í lágláunastörfum, jafnvel þó þau séu mikið menntuð, heilsa þeirra er verri vegna efnahagslegrar og félagslegrar stöðu og þau búa frekar við fátækt.

Tækifæri til að læra íslensku eru fá og oft illa aðgengileg fólki á vinnumarkaði en um helmingur þeirra sem ekki hafa lært íslensku segjast ekki geta það vegna tímaskorts. Skortur á tækifærum til tungumálanáms hindrar aðgengi þeirra að samfélaginu og störfum við hæfi. Börn innflytjenda eru einnig oft í slæmri stöðu og árangur þeirra í skólakerfinu, bæði í íslensku og öðrum greinum, er verri en innfæddra og þau stunda síður nám í framhalds- og háskólum. Þessi alvarlega staða er af samfélagslegum toga en ekki innflytjendum sjálfum að kenna og því er það á ábyrgð stjórnvalda og vinnumarkaðarins að breyta þessu.

47. þing BSRB gerir þá kröfu að stjórnvöld og atvinnurekendur grípi strax til aðgerða, hugi að stöðu innflytjenda og skapi inngildandi samfélag. Meta þarf framlag þeirra til samfélagsins að verðleikum og útrýma misrétti á vinnumarkaði þegar kemur að tækifærum og möguleikum til fjölbreyttra starfa og starfsþróunar. Auðvelda verður innflytjendum að fá þekkingu sína og reynslu frá heimalandinu viðurkennda og auka aðgengi og framboð af náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimati og námsleiðum sem styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði. Fjárfesta þarf myndarlega í gæða íslenskukennslu fyrir börn og fullorðna og tryggja að fólki á vinnumarkaði verði boðin gjaldfrjáls íslenskukennsla á vinnutíma. Stjórnvöld á Íslandi setja aðeins lítið brot af þeim fjármunum sem nágrannalöndin gera í tungumálakennslu innflytjenda. Þá þarf að gera alla upplýsingaþjónustu fyrir innflytjendur aðgengilegri sem og aðgengi að velferðarkerfinu og almannaðjónustunni. Loks þarf að huga sérstaklega að stöðu barna og tryggja að leikskóla- og skólakerfið sinni þörfum þeirra og sé aðgengilegt, en það skiptir einnig höfuðmáli fyrir mæður af erlendum uppruna.